



Kl. 17.03
Alla virka daga fer Víðsjá í loftið á Rás 1 kl. 17.03. Þetta er sjóð-heitur þáttur þar sem pistla-höfundar taka á málfrum liðandi stundar og fjallað er á ábyrgan og óábyrgan hátt um menningarástandið og pólitískan kultúr í samtímanum; um allt það sem er yfirborðskennt og briliant. Umsjónarmaður í dag er Eiríkur Guðmundsson.



menning

menning@frettabladid.is

Nytjalist hversdagsins

Sýning á grafískri hönnun á Íslandi í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi

Félag íslenskra teiknara fagnaði 50 ára afmæli sínu á síðasta ári en af því tilefni er efnt til fyrstu yfirlitssýningar félagsins í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi. Sýningin er opnuð á föstudag. Samtíminn horfir gjarnan sljóum augum á umhverfi sitt og nytjalist hversdagsins er oft ekki veitt mikil athygli. Þó er nytjalistin verðmætt verksummerki liðins tíma sem endurspeglar tíðaranda, þankagang og þjóðfélag af næmni og innsæi sem hvorki rúmast innan sagnfræðinnar né félagsfræðinnar. Á sýningu Listasafns Reykjavíkur verður grafísk hönnunarsaga á Íslandi rakin í gegnum hina ýmsu miðla og birtingarmyndir fram til dagsins í dag. Efnisflokkar á sýningunni spanna vítt svið allt frá spegilmynd liðins

tíma í formi auglýsinga, áróðurs, peningaseðla, umbúða og myndskreytinga, frá fyrstu sjónvarpsgrafíkinni, sjónvarpsauglýsingunum, bókunum og prentefninu til þess ferskasta sem á sér stað í grafískri hönnun í dag.



Tjargað og fiðrað úrkast

MYNDLIST

GÖDDUR

Sigrún Hrólfsdóttir

Banananas
Laugavegi 80 - Barónstígsmegin

Innan úr portgallerí Banananas við Barónsstíg við ljósaskiptin á laugardaginn var barst létt reyklarlykt - alls ekki slæm, frekar ilmur sem reyndist vera frá glóð í tómrí oliutunnu sem húskarlar kynntu. Þegar inn var komið ýtti lyktin undir déja-vu stemmingu eitthvað miðaldalegt eða botninn í Blade Runner. Á hvítmáluðum vegg portsins blasti við stór grafísk mynd sem gat bæði verið (ættar)tré og æðakerfi. Við vegginn hallast tveir saltstólpar, fyrir framan lá líkneski, einskonar minnisvarði, „jargað“ og fiðrað dádýr. Í göngum forhlíðsins hanga teikningar titlaðar; sjálfsmýnd sem loðdýr, jarðsúnginn (með tví-ræðri enskri þýðingu „the grave chick“), flækja, tré og svört óveðurský. Hér er greinilega einhver Sódóma, Gómorra/eldur og brennisteinn-tilfinning í gangi.

Sigrún, eins og er kunnugt, er einn þriðji Gjörmingaklúbbsins. Á þessari einkasýningu skýtur hún á loft tákmyndum sem hafa þyngrt undirtón en finnst hjá klúbbum þótt hann vaði í skyldu myndmáli. Myndlist síðari tíma snýst lítið um náttúrufræðisóknir eða rannsóknir á ljósi ytra

heimsins, það er svo mikið búið og gert. Frekar um könnunarleiðangra á svæði hins innra heims og þá í formi tákmalsslykla. Um það snerist ekki bara miðaldalístin heldur rómantíkin líka, dada, súrrealisminn o.fl. Með POP-listinni og konseptinu var verið að taka upp tilbúin tákni, byggja upp grunninn að tákmalsskerfi samtímans þar sem stóðkerfi modernismans og klassísk hlutfallafræði er notuð sem undirstaða en táknbrennur alls heimsins sem smjör og álegg til merkjagjafar og viðsnúnings þeirra sem vilja og þurfa að tjá sig með myndmáli. Þeirra sem liggur eitthvað á hjarta og hafa eitthvað að segja eins og Sigrún.

Á miðöldum yfirferðu menn þekkingu sína á dýrum á mannlega eiginleika. Yfir dádýrinu hvílir konungleg tign, það er gætt miklu innsæi, er með

ofurnæm skynfæri, bregst hratt við, virðist skynja og taka eftir á undan öllum öðrum - er á stöðugu varðbergi, er aldrei lengi á sama stað. Þetta er auðvitað rómantísk sýn á alvöru skapandi listamann. Tjörgun og fiðrunvar hins vegar refsing við hinu mestu svikum - höfnun samfélagsins. Samsetning á þessu með ættargreinum og saltstólþum vekur óneitanlega upp ýmsar spurningar. Teikningarnar virðast heldur ekki fjarskyldar. Það er hins vegar ljóður á verkinu að ekki skuli vera notuð raunveruleg tjara - gerir það gervi-

legt - allt í plati tilfinning. Sama um saltstólpana - þeir eru ekki heilir í gegn. Efnisnotkun skiptir máli! Sagðan úr fyrstu Mósebók um konu Lots er um hættuna við að horfa í hið liðna, að festast í þráhyggju/nostalgiu sjálfsásökunar, eða lenda í „ef og þá“ þankagangi sjálfsvorkunn-



DEJA-VU STEMMING Þetta er auðvitað rómantísk sýn á alvöru skapandi listamann. Tjörgun og fiðrun var hins vegar refsing við hinu mestu svikum - höfnun samfélagsins.

arpyttisins. Ef skíma dögunar á innri himni hreinsar ekki steinrennum við, verðum að minnisvörðum, hreyfingarlausum tröllum. Lömun þunglyndisins! Kannski er þetta rót melankólíunnar. Við erum afurð fortíðar okkar jú, en það er fáránlegt að verða fangi hennar - tjargað og fiðrað úrkast. Hef á tilfinningunni að Sigrún vilji losna.

NÝJAR BÆKUR

Út er komin bókinn **Á leið til upplýsingar**. Saga Bókavaraðafélags Íslands, aðildarféлага þess og Félags bókasafnsfræðinga. Höfundur er Friðrik G. Olgeirsson sagnfræðingur og segir hann í bókinni sögu þessara féлага. Einnig er sagt frá ýmsum hópum

bókavaraða og bókasafnsfræðinga sem starfað hafa um lengri eða skemmri tíma án þess að hafa átt aðild að áður nefndum samtökum. Meðal annars er greint frá upphafi kennslu og bókasafnsfræði við HÍ og þróun fræðigreinarinnar síðustu áratuginna.



Hjá Sölu er komin út bókinn **101 Hóllráð - Andleg uppbygging til að grennast í eitt skipti fyrir öll** eftir Victoriu Moran. Bent er á skynsamlegar leiðir til að komast í gott og varanlegt form með innri styrk. Lykillinn er að rækta með sér sjálfsvirðingu og hlúa að líkama og sál.



Sloggi tilbóð

Sloggi maxi 3 stk. í pakka á aðeins 1.699 kr.



ÚTSÖLUSTAÐIR:

Hagkaup: Smáralind - Skeifunni
Kringlunni - Spönginni - Garðabæ
- Eiðistorgi
Nóatún: Selfossi og
Kirkjub.klaustri
Nettó: Akureyri og Mjódd
Fjarðarkaup: Hafnarfirði

Samkaup: Keflavík - Hafnarfirði -
Egilsstöðum
Úrval: Hrísalundi Akureyri -
Húsavík
Perla: Akranesi
KB: Borganesi
KVH: Hvammstanga

KH: Blönduósi
Skagfirðingabúð: Sauðárkrúki
Lækurinn: Neskaupsstað
Kaupfélag Steingrímsfjarðar:
Hólmavík
Efnalaug Dóru: Höfn
Heimahornið: Stykkishólmi

Verslunin 66: Vestmannaeyjum
Apótek Siglufjarðar: Siglufirði
Paloma: Grindavík
Fatabúðin: Ísafirði